

Fundur 10.3.2025 Amanda.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Ævinlega finnst okkur gott að koma í sambandið og magna ykkur, og vonum við að þið skynjið hvað ævi okkar hefur verið friðsæl hér á framlífs jörð.

Og hvernig við höfum lagt til hliðar allan ágreining fyrir löngu og viljum við miðla til ykkar þeim áhrifum og hversu svo miklu betur myndi ganga með ykkar daglega líf og lækningar og öflugri sambönd ef kærleiks sambandið væri meira milli ykkar.

Og höfum við þó tekið eftir framförum í því efni, en þær koma sitt á hvað framfarirnar og afturfarirnar, ef svo má segja.

En er það gangur lífsins og höldum við öll áfram í tímans fljóti, hef ég reynt að magna hjá ykkur allan hópinn, eins og við öll hér, á framlífs jörð minni.

Og höfum við fengið þó sérlega gott samband við einn ykkar, sem ekki er staddur á fundinum, eins og stendur, en

*Ert þú að tala um Einar ?*

Já rétt er það, Amanda heiti ég,

*Já blessuð, hann er eitthvað tregur.*

Já og vonum að betri samfella verði í því, en þið skynjið frá mér orkuna, býst ég við.

Og friðinn hér á framlífs jörð, og höfum sömuleiðis reynt að opna fyrir hæfileikana og samböndin í gegnum aðra miðla hjá ykkur, en ekki hefur það gengið fullkomlega, en reynum við stöðugt að senda ykkur orku, þegar annað hefur ekki verið hægt.

Já hér má segja frá ýmsu, en kannski mun hann skynja orkuna frá mér í kvöld og þið öll.

Og vonum við að þið leggið niður ykkar ágreinings efni og magnist og finnið friðinn og góða strauma.

Og ekki get ég nú farið út í einstök atriði sem ég ætlaði að fjalla um hér í kvöld, en verða það aðrir að sjá til þess.

Finn ég nú að orkan er að dvína og eruð þið öll eins og við hér á þessari jörð, háð enn þá æðri líforku öflugra mannkynja sem lengra er komið.

Já ég get vonandi verið með fræðslu erindi síðar, þegar allt mannfélag ykkar verður orðið öflugra.

En verð hér að hætta, þakka ég fyrir mig og sendi kveðjur til Einars.

Og kveð ég þá að sinni, verið þið sæl.

*Já þakka þér fyrir og vertu sæl Amanda.*